

Verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt

Reykjavík, 16. Júní 2021

Efni: Drög að skógræktaráætlun - athugasemdir frá stjórn Landverndar

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér drög að skógræktaráætlun. Stjórnin hefur áður komið sjónarmiðum á framfæri, sbr. viðhengi.

Um er að ræða gagnlega og vel skrifaða lýsingu á tækifærum og leiðum til að efla skógarækt á Íslandi og í viðaukum má finna ýmsar afar gagnlegar upplýsingar um stöðu og þróun skógræktar hér á landi. Stjórnin hefur einnig kynnt sér álit minnihlutans þar sem gagnlegar og vel ígrundaðar ábendingar koma fram.

Stjórn Landverndar tekur undir meginmarkmið áætlunarinnar eins og þau birtast á bls. 11:

1. Skógrækt stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins.
2. Skógar og skógrækt verði lykilþættir í því að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040 og bindi eftir það meira kolefni en það losar. Skógar verði jafnframt aðlagðir loftslagsbreytingum.
3. Skógrækt og skógarnytjar stuðli að atvinnu, nýsköpun og eflingu byggðar með sjálfbærni að leiðarljósi.
4. Skógrækt og skógvernd stuðli að bættum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, endurheimt vistkerfa og eflingu líffjölbreytni.
5. Skógar og skógrækt stuðli að auknum útivistarmöguleikum almennings og bættri lýðheilsu. Stuðlað verði að þátttöku almennings í skógræktarstarfi.

Stjórnin gerir þó fyrirvara við markmið 2 um hlutverk skógræktar í markmiði um „kolefnishlutleysi 2040“ eins og nánar verður komið að síðar.

Skortir heildarsýn

Megin athugasemd stjórnar Landverndar er það sem mætti kalla skort á heildarsýn á endurheimt náttúrugæða með landgræðslu og skógrækt annarsvegar og verndun landslags, náttúru og lífbreytileika hins vegar. Hér er ekki við verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt að sakast heldur hvernig viðfangefninu hefur verið uppskipt af löggjafanum. Hætt er við að heildarsýn glatist þegar þessir mikilvægu þættir eru ekki samtvinnaðir í eina heildar sýn.

Stjórn Landverndar gerir sér grein fyrir að skógrækt verður ekki stunduð án áhrifa á náttúrufar og dýralíf. Það er því afar mikilvægt að skoða vel hver er ávinningur og hverju er fórnað í hvert sinn sem ákvarðanir um skógrækt eru teknar. Í drögum segir að það sé á ábyrgð framkvæmdaaðila (oftast landeiganda) að velja land til skógræktar og að taka tillit til verndarþátta við það val, enda er það hann sem ber ábyrgð á að farið sé eftir þeim. Eins og bent er á í álit minnihlutans virðist með framangreindri fullyrðingu lítið gert úr lögbundnu hlutverk sveitarfélaga og skipulagsáætlana. Í skipulagsáætlunum ætti að gera grein fyrir skógræktarsvæðum og sveitarfélög að veita leyfi eða hafna til samræmis. Þá ber að hafa í huga að

umtalsverður kostnaður landeigenda við skógrækt er fjármagnaður með opinberu fé sem felur í sér mikla ábyrgð Skógræktarinnar og enn frekari möguleika til að stýra skógrækt á Íslandi.

Stjórn Landverndar telur að breytingar á landnýtingu með skógrækt geti verið svo miklar að beita beri skipulagsákvæðum til að leysa viðfangsefnið sem best af hendi. Skipulagsferlið veitir almenningi og félagasamtökum möguleika á að koma fram gagnlegum sjónarmiðum. Það má ekki alfarið vera á ábyrgð framkvæmdaaðila að velja land til skógræktar. Þá eiga stjórnvöld, þar með talin umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Skógræktin, að nýta þann möguleika að stýra skógrækt með því að skilyrða opinber framlög til skógræktar með þeim hætti að ríkt tillit sé tekið til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða.

Endurheimt birkiskóga

Stjórn Landverndar fagnar því sem fram kemur um árangur á endurheimt birkiskóga (bls. 53, viðauki) að útbreiðsla birkiskóga hafi vaxið um tæplega 10% frá 1989 til 2014. Þetta sýnir að beitarfriðun skilar árangri og lofar góðu um framhaldið og vinnu við að framfylgja Bonn-áskoruninni. Þessi árangur ætti að vera hvati til frekari verka.

Eins og fram kemur á bls. 14 skilar „*ræktun birkiskóga á rýru landi eða landi sem liggur hátt tiltölulega hægrí og lítilli bindingu í trjánum en á móti kemur að sjálfsáning framtíðarinnar getur skilað sér í mun meiri útbreiðslu skóglendis en aðrar trjategundir eru líklegar til að gera.*“ Náttúruleg endurheimt birkiskóga tekur tíma en vænta má verulegs langtíma ávinnings fyrir tiltölulega lítinn stofnkostnað. Minnt er á þó bindingu í sjálfum birkitrjánum sem hægfara og lítil bætist þar við bindingu í jarðvegi.

Varðveisla birkiskóga og endurheimt raskaðra vistkerfa fellur vel að markmiðum íslenskra laga og að markmiðum alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar sem gera ráð fyrir að stuðlað sé að líffræðilegri fjölbreytni og að náttúruvernd sé stunduð með innlendum tegundum.

Stjórn Landverndar telur því að full ástæða sé að gera meira úr ávinningi þess að endurheimta birkiskóga en gert er í framangreindum drögum.

Skógrækt og líffræðileg fjölbreytni

Í drögnum er fullyrt að þær rannsóknir sem liggja fyrir bendi til þess að líffræðileg fjölbreytni rýrni ekki við skógrækt með innfluttum trjategundum samanborið við náttúruskóga eða mólendi. Er þetta rétt? Á botni greni- og furuskóga virðist jarðvegslífið afar einsleitt. Þetta kemur skýrt fram í álitum minnihlutans.

Í minnihlutaálitum er bent á að nokkrar tegundir innfluttra trjáa sem mest eru notaðar eru í skógrækt á Íslandi hafa mikla getu til að dreifa sér víðar en til var sáð. Í álitum minnihlutans er stafafura nefnd og vísað til rannsókna sem benda til þess að áhrif stafafuru á lífríki í nýjum heimkynnum hafi neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Þá er ástæða til að rannsaka náttúrulega útbreiðslu og áhrif sitkagrenis til lengri tíma lítið.

Í ljósi framangreindra aðvörunarorða telur stjórn Landverndar að gæta þurfi vel að því hvernig stafafura er nýtt til skógræktar svo draga megi úr eða útiloka möguleg neikvæð áhrif. Sömu varnaðarorð að eiga við sitkagreni og jafnvel fleiri tegundir eins og ösp. Hafa ber í heiðri ákvæði 10 kafla náttúruverndarlaga um innflutning og dreifing lifandi framandi lífvera. Einnig ber að virða ákvæði um markmið í nýlegum

skógræktarlögum þar sem segir að vernda beri náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra og að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni.

Skógrækt og viðkoma mófugla

Í álitni minnihlutans er réttilega bent á að mikilvægur þáttur í náttúrufarslegri sérstöðu Íslands eru nokkrir afar stórir fuglastofnar og þá sérstaklega nokkrir stofnar svokallaðra mófugla. Fram kemur að flestir þessara stofna eru svokallaðar ábygðartegundir Íslands þar sem stór hluti heimsstofns verpir á Íslandi¹.

Það er ákveðin hættu á að við landval undir skógrækt verði ekki tekið mið af þessari ábygð og í minnihluta álitni segir að við tiltekna forsendur megi gera ráð fyrir að áformuð skógrækt fjarlægji varlega áætlað, búsvæði a.m.k. hálftrar milljónar mófugla. Minnt er á ákvæði í 25. gr. náttúruverndarlaga um ábygðartegundir.

Stjórn Landverndar telur að finna þurfi mótvægi til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum. Til að mynda mætti, eins og bent er á í álitni minnihlutans, koma á neti verndarsvæða fyrir mófugla þar sem skógrækt yrði útilokuð til að tryggja viðkomu mófugla sem Ísland ber á byrgð á.

Forðast ber bítaskógrækt

Á bls. 20 í drögum er fjallað um skógrækt á lögbýlum og samstarf við stjórnvöld. Ef marka má upplýsingar Skógræktarinnar hafa verið gerðir yfir 600 samningar um skógrækt á lögbýlum. Þetta býður þeirri hættu heim að skógrækt verði í mörgum tiltölulega smáum bítum þar sem véltæk umhirða er erfið og líklegt að henni verði ekki sinnt.

Stjórn Landverndar telur ekki skynsamlegt að samstarf við fjölda einkaaðila sé markmið í sjálfu sér. Þvert á móti getur það orsakað vanda að dreifa skógrækt of mikið. Samstarf við einkaaðila verður að byggja á markmiðinu um sjálfbæra skógrækt þar sem allir þrír þættir sjálfbærni hafa áþekkt vægi. Samstarf þarf að hafa að markmiði að mynda stór og samfelld skógræktarsvæði en forðast „bítaskógrækt“, bæði til að auðvelda mat á umhverfisáhrifum og mat á ræktun skóga á landslag og útsýni. Einnig til að auðvelda eftirlit og möguleika til að hindra útbreiðslu ágengra tegunda við jaðrana, en jafnframt til að auka hagkvæmni við umhirðu og nýtingu. Þá þarf samstarf sem fjármagnað er úr ríkissjóði að byggja á félagslegum sanngirnissjónarmiðum um skiptingu hugsanlegs ávinnings og á almannarétti eins og hann er skilgreindur í náttúruverndarlögum.

Þess má geta að skiptar skoðanir eru um framgreind viðhorf í stjórn Landverndar. Ýmsir kostir geta fylgt því að skógrækt sé dreifð frekar en þétt á samfelld stór svæði. Í hverju tilviki þarf að bera saman kosti og galla.

Skógrækt og kolefnishlutleysi

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er losun frá landnotkun (LULUCF) á Íslandi um 9 milljón tonn gróðurhúsalofttegunda (GHL sem CO₂ ígildi) á ári. Samkvæmt framangreindum drögum er markmiðið að binda 500 þúsund tonn kolefnis árlega frá árinu 2040 umfram það sem var árið 2020. Allt tal um hlutverk skógræktar í því marmiði að ná kolefnishlutleysi virðist því afar fjarlæg. Stjórn

¹ Dæmi sem nefnd eru spói, heiðlóa, lóupræll, jaðrakan, og stelkur, en einnig ábygðartegundir sem reiða sig á opið láglandi eins og fálki.

Landverndar telur mikilvægt að skýra betur í hverju hið margumtalaða kolefnishlutleysi felst og hver hlutdeild skógræktar gæti orðið í því að ná þessu mikilvæga, en að því er virðist fjarlægga, markmiði.

Á bls. 10 í drögnum segir að auka og efla eigi kolefnisbindingu með skógrækt þannig að önnur markmið skógræktar og áhrif á önnur umhverfisgæði eflist í leiðinni.

Stjórn Landverndar telur afar mikilvægt að einblína ekki á bindingu kolefnis; skógrækt hefur fjölþætt jafn mikilvæg markmið; yndisskógur, skjól fyrir ræktun matvæla, vörn gegn náttúruvá og auðlind sem byggingarefni og fjölþættrar verðmætasköpunar fyrir komandi kynslóðir. Ef bindingarsjónarmiðin verða alfarið í forgrunni er hætt við að önnur mikilvæg markmið gleymist. Sú áhersla á kolefnisbindingu sem kemur fram í drögnum er því of fyrirferðarmikil í samanburði við önnur mikilvæg markmið skógræktar. Þá hefur margoft komið fram að aðgerðir í loftslagsmálum megi ekki rýra líffræðilega fjölbreytni. Kolefnisbindingu með skógrækt verður að skoða í því ljósi.

Markmið í loftslagsmálum

Þau markmið í loftslagsmálum sem fram koma í drögnum þarf að uppfæra og miða við 55 % sameiginlegt markmið ESB, Noregs og Íslands.

Það tekur mörg ár frá fyrir gróður sprota að binda kolefni svo um muni í loftslagsbókhalda Íslands. Til að ná markmiðum um bindingu þarf að leggja áherslu á gróðursetningu og endurheimt birkiskóga á fyrri hluta tímabilsins og veita fjármagni í samræmi við það.

Lausaganga búfjár

Á bls. 24 segir að lausaganga sauðfjár hætti, fyrst staðbundið og með tímanum á landinu öllu.

Stjórn Landverndar tekur undir þessi sjónarmið og vísar til nýlegrar skýrslu um þetta efni sem samtökin hafa haft forgöngu um að taka saman. Í skýrslunni er lýst hvernig breyta þarf löggjöf í þessum tilgangi².

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

² [Vörsluskylda búfjár – Ný skýrsla Landverndar - Landvernd](#)